



REGLUGERÐ UM ÍSLANDESMÓT GOLFKLÚBBBA Í UNGLINGAFLOKKUM

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir sveitakeppni í unglingsflokkum.

2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótin og hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra. Hún skal skipa menn í mótisstjórn í samráði við viðkomandi klúbba a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Stjórn GSÍ skal skipa a.m.k. einn dómara á hvern keppnisvöll. Viðkomandi klúbbur skal leggja dómurum og mótisstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótisstjórnar og dómara. Skipaðir dómarar skulu hafa landsdómara réttindi.

3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þáttökugjöld og sér sá klúbbur um innheimtu sem heldur mótið á hverjum tíma. Þáttökugjald rennur til þess klúbbs er heldur mótið.

GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá mótinu. Sá klúbbur sem heldur mótið á hverjum tíma skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem mótið fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við mótið og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

4. gr.

Þáttökutilkynningar skulu sendar GSÍ mánuði fyrir fyrsta mótisdag. Þáttökugjöld skulu greidd eigi síðar en viku fyrir fyrsta mótisdag.

Nöfn leikmanna skal tilkynna til mótisstjórnar í síðasta lagi kl. 9:00 daginn fyrir fyrsta leikdag. Hafi nafnalisti ekki borist í tíma er mótisstjórn heimilt að gefa klúbbi 6 tíma frest, en að honum loknum telst sveitin hafa fyrirgert keppnisrétti sínum. Mótisstjórn er heimilt að fella niður keppni í einstökum flokkum eða deildum ef þáttökulið eru færri en þrjú.

5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu.



Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðir vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.

6. gr.

Hver klúbbur sem sendir leikmenn á mótið skal tilnefna liðsstjóra. Liðsstjóri skal gæta hagsmuna keppenda viðkomandi klúbbs og koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart mótsstjórn, þó ekki umfram það sem golfreglur heimila. Liðsstjóri skal fyrir hönd viðkomandi klúbbs vera ábyrgur fyrir greiðslu þátttökugjalds.

2. kafli

7. gr.

Sveitakeppni unglunga skal leikin í flokkum pílta 18 ára og yngri, stúlkna 18 ára og yngri, drengja 15 ára og yngri og telpna 15 ára og yngri.

8. gr.

Ef klúbbur sendir eina sveit til keppni þurfa allir keppendur að hafa forgjöf.

Ef klúbbur sendir tvær eða fleiri sveitir verða allar sveitir að hafa eftirfarandi forgjöf:

Í flokki pílta 18 ára og yngri: forgjöf 24 og lægra.

Í flokki drengja 15 ára og yngri: forgjöf 24 og lægra.

Í flokki stúlkna 18 ára og yngri: forgjöf 28 og lægra

Í flokki telpna 15 ára og yngri: forgjöf 28 og lægra.

Sveitir skulu skipaðar allt að 6 leikmönnum, þar sem 4 leika í hverri umferð.

Ef takmarka þarf heildarfjölda sveita skulu A sveitir hvers klúbbs hafa forgang, því næst B sveitir hvers klúbbs o.s.frv. Þurfi að velja á milli sveita með sama forgang skal hlutkesti ráða.

Sækja má um heimild til mótsstjórnar um að stúlkur fái þátttökurétt í sveitum pílta hjá þeim klúbbum sem ekki senda sveit til keppni í flokki stúlkna, eða að piltar fái þátttökurétt í sveitum stúlkna hjá þeim klúbbum sem ekki senda sveit til keppni í flokki pílta.

Sækja má um heimild til stjórnar GSÍ um að tveir eða fleiri klúbbar sendi sameiginlega sveit til keppni ef ekki reynist unnt að manna sveit til keppninnar.



Aldur miðast við almanaksár.

9. gr.

Mæti ekki lið sem tilkynnt hefur þátttöku til leiks á auglýstum tíma, hvort sem er í fyrstu eða síðari umferðum, skal sveitin sæta frávísun í heild. Úrslit leikja sem hún hefur leikið fyrir í keppninni falla niður og hafa þar af leiðandi ekki áhrif á úrslit mótsins, að undanskildu því að úrslit skulu standa ef öllum leikjum í riðlum er lokið.

Keppnin skiptist í tvo hluta:

- a) Höggleik 18 holur, fyrsti keppnisdagur
- b) Holukeppni, annar og þriðji keppnisdagur

Mótsstjórn er heimilt að láta leika fyrstu umferð holukeppni á fyrsta keppnisdegi. Slíkt skal tilkynnt liðsstjórum í síðasta lagi á liðsstjórafundi.

Í höggleik telja samanlögð þrjú bestu skor í öllum flokkum. Verði skor sveita jöfn, ræður skor 4. manns úrslitum. Verði skor sveita enn jöfn skal lægsta skor ráða úrslitum. Ef ekki fæst niðurstaða með þessari aðferð þá ræður hlutkesti.

Úrslit úr höggleik ræður uppröðun riðla. Í A riðli keppa þau lið sem voru í sætum 1,4,5 og 8 og í B riðli keppa þau lið sem voru í sætum 2,3,6 og 7. Í C riðli keppa lið 9,12, 13 og 16 og D riðli keppa þau lið sem voru í sætum 10,11,14 og 15 o.s.frv.

Ef þáttökufjöldi sveita er þannig að sveitir eru 6 eða færri skal fella niður höggleikinn og allar sveitirnar leika innbyrðis.

Í 4 sveita riðlum skulu sveitir leika þannig saman:

	1. umf	2. umf.	3. umf.
1. rást.	2-3	2-4	3-4
2. rást.	1-4	1-3	1-2

4. umferð, úrslit

1. leikur um 7. sæti	4. sæti A riðils : 4. sæti B riðils
2. leikur um 5. sæti	3. sæti A riðils : 3. sæti B riðils
3. leikur um 3. sæti	2. sæti A riðils : 2. sæti B riðils
4. leikur um 1. sæti	1. sæti A riðils : 1. sæti B riðils

11. gr.

Í höggleikskeppninni skal mótsstjórn draga um rásröð sveita, þó þannig að í hverjum ráshóp sé



aldrei fleiri en einn leikmaður úr hverri sveit. Liðsstjórar skulu tilkynna skriflega til mótsstjórnar röð leikmanna sinna, ekki síðar en kl. 20.00 daginn fyrir fyrstu umferð.

Í holukeppni skal liðsstjóri tilkynna skriflega til mótsstjórnar skipan liðs síns í fyrstu umferð eigi síðar en 30 mín. eftir að högggleik er lokið. Ef ekki er um högggleik að ræða skal tilkynna mótsstjórn um liðsskipan í 1. umferð eigi síðar en kl. 20.00 daginn fyrir 1. umferð. Í síðari umferðum skal tilkynning hafa borist mótsstjórn innan 30 mín. eftir að leik viðkomandi sveitar lauk í umferðinni á undan.

12 .gr.

Leikröð í ráshóp í högggleik ræðst af þeim útdrætti sem fór fram um rásröð. Nr. 1 slær fyrstur, næstur nr. 2 og síðan koll af kalli. Í holukeppni ákveður mótsstjórn leikröð.

13. gr.

Hver viðureign er einn fjórmeningur og tveir tvímenningar hver á eftir öðrum. Leika skal alla leiki til úrslita nema ef röð sveitanna er orðin ljós, þá teljast jafnir leikir helmingaðir. Hver leikur gefur eitt stig. Úrslit ráðast af fjölda þeirra stiga sem sveitir hljóta í keppninni. Sú sveit vinnur sem hlýtur flest stig. Verði sveitir jafnar að stigum ræður fjöldi unninna fjór- og tvímenninga röð. Ef enn er jafnt ræður innbyrðis leikur. Ef ekki fást úrslit eins og að framan greinir skal leika bráðabana um röð. Hver sveit teflir fram einu fjórmenningsliði.

14. gr.

Sigursveitir hljóta titilinn Íslandsmeistarar viðkomandi flokks í sveitakeppni.

15. gr.

Að öðru leyti gilda Móta og keppendareglur GSÍ.

16. gr.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum GSÍ 12. apríl 2017.